

Kínaferð Árna

Sunnudaginn 26. nóvember kl. 15 verður næsta sögustund á Byggðasafni Dalamanna. Á dagskrá verður endurflutt efni og sagt frá Árna Magnússyni bónda frá Geitastekk í Hörðudal.

Árni fór árið 1753 til Danmerkur, þá 27 ára gamall og þaðan lá leið hans víða um heim og var talinn víðförlastur Íslendinga á þeim tíma. Rakin verður ferð hans til Kína og fleiri ferðir ef tími gefst til.

Aðgangseyrir verður sem fyrr 500 kr fyrir fullorðna og frítt fyrir börn yngri en 18 ára í fylgd með fullorðnum. Kaffi á könnunni.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar á Miðbraut 11 í Búðardal er opin virka daga kl. 10-14. Símatími er virka daga kl. 9-13. Síminn er 430 4700 og netfangið dalir@dalir.is

Félagsleg þjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsinu, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Tímapantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 milli kl. 9 og 15 virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu á Miðbraut 11 í Búðardal er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.



DALAPÓSTURINN

12. tölublað, 10. árgangur
15. nóvember 2017

Opinn vinnufundur um ferðamál

Opinn vinnufundur um ferðamál í Dölum verður mánudaginn 20. nóvember kl. 17–20 í Dalabúð. Súpa verður í boði sveitarfélagsins.

Rædd verður staða og framtíðarsýn fólks varðandi ferðaþjónustuna. Hvað hefur verið vel gert og hvað má betur fara. Allir þeir íbúar Dalabyggðar sem hafa skoðanir á ferðaþjónustu eru hvattir til að mæta og leggja sitt að mörkum til að atvinnugreinin geti blómstrað á svæðinu í sátt við íbúa og umhverfi.

Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu

Dalabyggð óskar eftir að ráða starfsmann í félagslega heimaþjónustu fyrir tvö heimili hálfsmánaðarlega. Um er að ræða starf sem snýr að almennum heimilisþrifum samkvæmt þjónustusamningi sem gerður hefur verið við notendur á heimilum þeirra. Mikilvægt er að viðkomandi starfsmaður hafi áhuga og ánægju af mannlegum samskiptum. Æskilegt væri að viðkomandi hafi reynslu af því að starfa með fólki.

Hæfniskröfur eru lipurð í mannlegum samskiptum, vandvirkni og sjálfstæði í starfi, bílpróf, íslenskukunnátta og hreint sakarvottorð. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Pálsdóttir deildarstjóri heimaþjónustu í síma 849 2725 eða í tölvupósti á netfangið heima.tjonusta@gmail.com. Umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar á umsóknarblöðum sem þar fást. Eyðublað eru einnig aðgengileg á vef Dalabyggðar.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur